



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Ársskýrsla 2012



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR


Ársskýrsla 2012

Ágæti lesandi


Á síðunum sem hér fara á eftir getur að líta yfirlit yfir starfsemi Héraðs- og Austurlandsskóga árið 2012. Á árinu voru tíu ár liðin síðan Austurlandsskógaverkefnið var formlega stofnað þann 10. júní árið 2002 í Vopnafirði. Starfsemi verkefnisins var þó hafin nokkuð fyrr. Í ársskýrslu 2011 er framkvæmdum frá upphafi á vegum Austurlandsskóga gerð ítarleg skil ásamt framkvæmdum á vegum Héraðsskóga sem föggnuðu 20 ára afmæli það ár.

Miklir þurrkar einkenndu veðurfar sumarsins. Gróðursetning var stöðvuð vegna þess þegar langt var liðið á júnímánuð. Töluvert varð því af plöntum til haustgróðursetninga en sem fyrr virðast landeigendur lítt spenntir fyrir því að gróðursetja á haustin og þurfti að hafa nokkuð fyrir því að koma þeim plöntum sem til voru í jörðu. Sem fyrr eru plöntukaup fjárfrekasti liðurinn í starfsemi verkefnisins, keyptar voru plöntur fyrir tæpar 26 milljónir. Alls voru gróðursettar 651.583 skógarplöntur sem skiptust þannig á milli svæða að 26% plantanna fóru niður á Austurlandsskógasvæðinu en 74% á Héraðsskógasvæðinu. Skipting milli svæða var eins og mynd 1 sýnir.

Sem fyrr er lerki mest gróðursetta tegundin með 36% hlutdeild, grenið er næstmest plantaða tegundin með 25% hlutdeild og aðrar tegundir minna. Á mynd 2 má sjá tegundaskiptingu gróðursettra plantna.



Mynd 1



Mynd 2

Lítill áhersla hefur verið lögð á skjólbeltarækt undanfarið ár og stuðningur hefur miðast við skjólbelti á jörðum sem eru með skógræktarsamning. Á árinu unnu einungis tveir aðilar skjólbelti á sínum jörðum.

Jarðvinnslu er reynt að stilla af þannig að ekki sé jarðunnið meira á hverri jörð en unnt er að gróðursetja í, á sama ári eða ári seinna. Þar sem svæði eru lítil er þó jarðunnið fyrir lengri tíma gróðursetningar þar sem dýrt er að fá vélar á staðinn. Árið 2012 voru jarðunnir um 72 ha.


Girðingar og viðhald þeirra er stór þáttur í starfsemi HASK og um það bil 13% af fjármagni sem fer til framkvæmda fer í þennan verkþátt. Lagðar voru út 14,5 km af nýgirðingum á árinu. Greitt var fyrir viðhald á 75 km af girðingum ásamt því sem greitt var fyrir í tímavinnu en það svaraði til 3,35 mannmánaða í vinnu.

Unnið var að lagningu vegslóða á 20 jörðum á árinu. Slóðagerð er vaxandi liður í starfsemi í samræmi við aukningu í bilun og grisjun. Töluvert er um að ekki hafi verið lagðir út grunnslóðar á

skógræktarsvæðum í upphafi gróðursetninga eins og nú tíðkast. Þegar komið er að bilunarvinnu er nauðsynlegt að koma tækjum og tólum að og því þurfa slóðar að vera til staðar. Eftir því sem þörf er á öflugri grisjun er slóðabörfin meiri. Ef nýta á efni sem fellur til við bilunina/grisjunina þarf einnig að vera hægt að komast að með flutningstæki.

Umhirða er ört vaxandi þáttur í starfsemi og er kostnaður við framkvæmdaþáttinn orðinn nokkurn veginn sá sami og við gróðursetningar.

Á mynd 3 má sjá kostnaðarskiptingu í rekstri Héraðs- og Austurlandsskóga. Í töflunni lykiltölur er hægt að sjá breytingar kostnaðarþátta á milli ára en almennt eru ekki miklar sveiflur á milli liða.



Mynd 3

Nokkrir fræðslu- og umræðufundir voru haldnir í ársbyrjun. Fundirnir voru settir upp til fróðleiks og umræðu og einnig til þess að fara yfir starfsemi HASK á nýliðnu ári ásamt því að kynna fjárhagsáætlun næsta árs. Fyrirlesarar með erindi á fyrsta fundi sem haldinn var á Hótel Héraði þann 17. janúar voru Þröstur Eysteinnsson, Lárus Heiðarsson, Else Möller og Ólöf Sigurbjartsdóttir. Annar fundur var haldinn á Hótel Tanga í Vopnafirði þann 20. mars. Þá var einnig haldinn fundur á Kaffi Karólínu á Fáskrúðsfirði þann 22. mars. Ágætis mæting og umræður urðu á fundunum nema á Fáskrúðsfirði þar sem enginn skógarbóndi sá sér fært að mæta. Sú nýbreytni var viðhöfð að erindi og fyrirlestrar sem fluttir voru á fyrsta fundi á Hótel Héraði voru teknir upp og birtir á heimasíðu verkefnisins www.heradsskogar.is. Mæltist sú nýng vel fyrir og höfðu nokkrir aðilar samband til þess eins að lýsa ánægju sinni með fyrirkomulagið.

Sævar Hreiðarsson var ráðinn til sumarstarfa hjá HASK. Hans aðalstarfi voru úttektir, kortlagning og áætlanagerð.

HASK stóð fyrir námskeiði í „Bilun og umhirðu ungskóga“ í október eins og undanfarið ár. Undirbúningur og framkvæmd námskeiðsins var á höndum Sherryar og Hlyns og var góð þátttaka í námskeiðinu. Þá var HASK í samstarfi við Virka um námskeið í umhirðu. Er þetta í annað sinn sem slíkt námskeið er keyrt og hefur tekist vel til um framkvæmd þess. Hlynur Gauti hefur unnið að því námskeiði fyrir hönd HASK. ÓIS

Petta helst

Á árinu urðu þær breytingar að Landshlutaverkefni í skógrækt voru flutt, frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu þar sem málefni þeirra hafa verið vistuð frá upphafi, yfir á forræði Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Breytingin átti sér stað í byrjun september og í framhaldinu heimsótti Svandís Svavarsdóttir ráðherra skógræktarmála verkefni öll heim til þess að kynna starfsemi. Á Austurland kom Svandís með fylgdarliði sínu þann 18. september. HASK og Skógrækt ríkisins tóku sameiginlega á móti Svandísi, byrjað var á hádegisverði í Fjóshorninu og síðan farin vettvangsferð um Fljótsdalshérað. Ánægjulegt var að finna áhuga ráðuneytisfólks á málefnum skógræktarinnar og tókst heimsóknin vel í alla staði.



Frá heimsókn umhverfis- og auðlindaráðherra Svandísar Svavarsdóttur. HGS

Af starfsmannamálum bar hæst að Freyja Gunnarsdóttir starfsmaður Héraðs- og Austurlandsskóga til margra ára lét af störfum á árinu og fluttist búferlum til Reykjavíkur. Samstarfsfólkið á hæðinni sá þar á eftir glaðværum og uppátækjasömum samstarfsfélaga og víst er að margur skógarbóndinn á eftir að sakna Freyju úr sæti sínu hér á HASK þar sem hún var ávallt reiðubúin að leysa þau vandamál og verkefni sem til hennar var leitað með. Þá lét Else Möller af störfum í ársbyrjun og er þeim báðum þökkúð vel unnin störf fyrir Héraðs- og Austurlandsskóga.



Freyja á góðri stund. ÓIS



Else Möller prufar vænlegan farkost á Sólbrekku. HGS



Hlynur nýklypptur á vettvangi. SC

Fastir starfsmenn verkefnisins eru sem fyrr Hlynur G. Sigurðsson, Sherry Curl og Ólöf Sigurbjartsdóttir. Þá var Sævar Hreiðarsson skógfræðingur ráðinn til sumarstarfa.

Oftast líða árin eitt af öðru án þess að verulegar breytingar eigi sér stað, fólk bara eldist og gránar. Á það við um starfsmenn sem aðra. Hlynur tók þá stóru ákvörðun á árinu að láta síða hárið fjúka og telur samstarfsfólkið á hæðinni að þar hafi afdrifarík ákvörðun verið tekin :-)



Bilunarvinnu lokið í Ásgarði, eigendur, skógarhöggsmenn og starfsfólk HASK fékk sér kaffi í skóginum af því tilefni. HGS

Á árinu var lokið við bilunarvinnu að Ásgarði en það er fyrsta jörðin sem lýkur við þann framkvæmdaþátt. Ásgarður er með 47 ha. samningssvæði og kom inn í verkefnið árið 1997. Skógarbændur í Ásgarði þau Viðar Eiríksson og Guðný Jónsdóttir hafa lagt alúð og metnað sinn í skógræktina og er ánægjulegt að sjá afrakstur þeirrar vinnu. ÓIS

Húsgagnagerð, námskeið

Undanfarin ár hefur LBHI í samvinnu við Skógrækt ríkisins staðið fyrir námskeiðum í Grænni húsgagnagerð. Undirrituð skellti sér á eitt slíkt sem haldið var á Hallormsstað seinnipart vetrar. Námskeiðið hófst á því að þátttakendur unnu eina frumgerð að garðhúsgagni úr fyrirfram ákveðnu efni en eftir útfærslu hvers og eins. Þá tók við smíði á stærri hlutum og í lok námskeiðs fóru allir heim með koll, bekk og hamar auk frumgerðarinnar sem byrjað var á. Kennari á námskeiðinu var Ólafur Oddsson fræðslufulltrúi Skógræktar ríkisins og honum til aðstoðar var Björgvin Ö. Eggertsson verkefnisstjóri. Skemmst er frá því að segja að námskeiðið var bráðskemmtilegt og óhætt að mæla með því fyrir alla sem áhuga hafa á nýtingu efnis úr skóginum eða hafa einfaldlega gaman af að tálga og smíða. *ÓIS*



Bjarki, Brynjólfur og Björgvin virða fyrir sér afrakstur smíðanna. *ÓIS*

Ferðasaga Grænni skóga til Skotlands Dagana 7-14. ágúst 2012



Hópmýnd við Duntreath castle. Myndahöfundur ókunnur

Dagur 1

Föruneitið var skipað þekkingarþyrstu skógarfólki sem kom hvaðanæva af Íslandi, en það átti það sameiginlegt að hafa sótt námskeiðsröð Grænni skóga frá Landbúnaðaháskóla Íslands. Með loftbrú frá Íslandi til Skotlands hafði hinn þaukunnugi fararstjóri, Arnlín Óladóttir, leitt hóp fólks, sem vart er hægt að segja að hafi nokkuð þekkt innbyrðis og hvað þá staðhætti Skotlands. Frásögnin byrjar að morgni þriðjudags á alþjóðaflugvellingum í Glasgow en þar fyrst hittist hópurinn í eiginlegri mynd, tuttugu Íslendingar að ógleymdum Angus Cameron McDougal sem sá um að hópurinn kæmist á milli staða.

Fyrsta stopp var við lítinn rólegheita miðaldarkastala, Duntreath castle, þar sem gestgjafinn, Julie, bauð ferðalöngum upp á heita súpu og ýmsar aðrar veigar. Auk þess sem byggingarnar voru skoðaðar og garðurinn, sem hún hafði dundað sér við í 43 ár. Landareignin sjálf er um 3000 hektarar og utan við garðinn er skógur, þar sem m.a. mátti bera risafurur (Sequoiadendron giganteum) augum. Þegar risafurur voru fluttar frá Bandaríkjunum til Bretlands 1853 var þeim gefið nafnið Wellingtonia. Þó svo að það nafn hafi ekki fengið brautargengi í fræðaheiminum, þá er furan enn kölluð Wellingtonia a.m.k. í Skotlandi. Ferðinni var svo heitið á náttstað í Aberfoyle en á leiðinni þangað sást til rólandi apa, eða svo að segja. Verið var að bjóða fólki upp á að renna sér í svokallaðri aparólu, eða eins og stóð á skilti "Go Ape".

Dagur 2

Eftir góðan nætursvefn í Aberfoyle lá leiðin að Traossachs, þar sem deildarstjóri svæðisins, Russell Lamont, tók á móti hópnum. Hann fór yfir sögu svæðisins, Queen Elizabeth Forest park, og útskýrði einnig alls konar skipulag og áætlanir fyrir svæðið s.s. umhirðu, gróðursetningu, markaðsmál, ferðamennsku, votlendisendurheimt, ýmsar verklagsreglur o.fl.

Þar á eftir var farið inn í stóran skógarfuruskóg þar sem verið var að grisja. Verkstjórnin, John Lester, útskýrði skógargrisjun á stórvirkum skógarhöggsvélum. Vinnulag í umhirðu fer eftir því hvað á að gera við timbrið. Langmest fer í massavið og eru þá yfirleitt fengnir misjafnir verktakar til misjafnra verka í skóginum þó svo að þeir sjálfir eigi líka tæki þá ná þeir einfaldlega ekki að sinna verkefnum án verktakanna.

Úr skóginum var haldið á svæði þar sem rjóðurfelling hafði átt sér stað. Framkvæmdastjórnin, John McCrew, fór yfir hvað þarf að hafa í huga við endurgróðursetningu. Núorðið er mikið notast við stórar gröfur, 20 tónna og stærri, til að vinna jarðveginn. Stórar græjur geta gert miklu meira en þær litlu, þannig nýtast þær til að gera skurði, hauga, slóðir og tæta við ólíkar aðstæður. Vegna óræðs veðurs á haustmánuðum fram í janúar vilja þeir ekki gróðursetja á þeim tíma, heldur fer gróðursetning aðallega fram í febrúar og mars. Mikið er gróðursett af skógarfuru og sitkagreni, en einnig er gróðursett dálítið af eik, aski og ýmsum öðrum lauffrjám með

Það að markmiði að búa til yfirborð á spónaplötur. Eitt helsta vandamálið í gróðursetningu eru að plönturnar eru éttnar af dádýrum og rákýrum eða börkurinn étinn af barkarbjöllum eða ræturnar éttnar af ranabjöllum. Þeir bregðast við því með veiðum og ýmsum eitrunaraðferðum. Á þessu tiltekna svæði sem var til skoðunar, verður helmingur þess gróðursettur og hinn sjálfáður.

Dagur 3

Skotlandi má skipta upp í 10 þjóðskógarvæði, eitt þeirra svæða heitir Tay og þangað lá leiðin þennan morguninn, nánar tiltekið í Craigvinian. Deildarstjórinn Charles Raylor og Eva, aðstoðarmaður hans, voru þar til taks. Charles útskýrði hvernig valdaferlið virkar frá ríkisvaldinu alla leið niður í verkáætlanir. Þá voru skógarreitir útskýrðir lið fyrir lið hvernig hver og einn þeirra fékk hlutfallslegt vægi, hvað varðar útivist, timburframleiðslu, landslag eða landvernd. Vegna hlýnandi loftslags á heimsvísu og ósjálfbærs skógarhöggs eru um 200 tegundir barrtrjáa í útrýmingarhættu að sögn Charles. Partur af skóginum er undirlagður þess lags plöntum og er Charles í samstarfi við grasagarða hér og þar sem útvega honum plöntur sem eru gróðursettar þar. Sagan segir að upphaf skógræktar í Skotlandi hafi byrjað með hertoganum af Atholl þegar hann skaut lerkifræjum með fallbyssu í gróðursnauda brekku, en þessi brekka er nú býsna skógi vaxinn, 300 árum frá sáningunni.

Förinni var heitið til Dunkeld en í þessum gamla bæ bar margt áhugavert fyrir augu. Nærri kirkjugarðinum gaf að líta fyrsta tré einnar tegundar, þ.e. sífjalerki (*Larix x marschlinsii*) en það er blendingur af Evrópulerki (*Larix decidua*) og Japanslerki (*Larix kaempferi*). Lítil göngutúr var farinn um svæðið að eikartré nokkru sem á að hafa verið innblástur Shakespears í sögunni um skoska konunginn Macbeth. Þetta tiltekna tré, The Birnham Oak, á einnig að hafa verið kveikjan að persónusköpun Entnanna í Hringadróttins sögu.

Á leiðinni á svefnstað kom babb í bátinn þegar sauð á vélinni í rútnu. Angus bílstjóri vissi ekki sitt rjúkandi ráð og allt stefndi í endalok alheimsins þegar íslenskir bændur stukku til og löppuðu upp á vatnskassann, sóttu vatn og svo var brunnað af stað. Vel útilögð máltíð var reidd fram á náttstað og allir fóru sáttnir í sæng.

Dagur 4

Blackwood of Rannoch var næsti viðkomustaður en það er einn stærsti skógarfuruskógur í Skotlandi. Rob Coope, sérfræðingur í verndun náttúruskóga, tók þar á móti hópnum. Flest eikartrén sem eru í skóginum fá venjulega að standa í 200 ár eða lengur, á meðan skógarfuran nær sjaldnast þeim aldri. Áður en skógurinn kom til var ekki eins fjölskrúðugt fuglalíf á svæðinu og er nú. Spætan er tiltölulega nýlega búin að gera sig heimakomna, en hún heggur til holur í trén þar sem hún hreiðrar um sig. Hún gerir



Kartöfluskógur. HGS



Craigvinian skógur - útsýni. HGS



Dave Lowe með hópnum. HGS

nýja holu á hverju ári þannig að eldri holurnar nýtast öðrum fiðruðum íbúum skógarins. Á áttunda áratug síðustu aldar var íslenskur skógarvörður í Blackwood skógi, Gunnar Godwin að nafni. Hann átti það til að óhlyðnaðst yfirmönnum sínum þegar hann var beðinn að gróðursetja skógarfurur í skóginn. Hann sagði reyndar ítrekað við yfirmennina að hann ætlaði að gera það en þegar hann kom í skóginn lét hann ekki verða af gróðursetningunni. Í dag er lítið á þessa óhlyðni sem hetjudáð þar sem landið, sem áður átti að fara undir skógarfurur, er nú hinn fallegasti og ósnortnasti náttúruskógur. Árið 1948 var eins hektara svæði girt af og þar fóru fram alls konar tilraunir. Helsta niðurstaða þessara tilrauna var í raun sú að dádýr eru mikilvægur þáttur í skógum. Vistfræðin innan hektarans er af allt annarri gerð en það sem er utan hans. Orð Hákonar Bjarnasonar, skógræktarstjóra, eru orðin að einskona máltæki á Íslandi, "þar sem er hægt að rækta kartöflur er líka hægt að rækta skóg". Rob staðnæmdist á svæði þar sem fyrirskipað var að rækta kartöflur í seinna stríðinu. Akkrar voru unnir og kartöflum sáð, en kartöflurnar uxu ekkert en birkið nýtti sér tækifærið og nú stendur þar ofur þéttur birkiskógur frá náttúrunnar hendi.

Frá Blackwood of Rannoch var haldið í átt að næsta svefnstað, í hinn blómlega bæ Pitlochry, með viðkomu á vinsælum áningarstað sem kallaður er

"the Queens view", sem mætti íslenska sem "útsýni drottningarinnar". Þar er virkilega fallegt yfir að líta. Um kvöldið fór hluti hópsins í leikhús á sýninguna "Communicating Doors".

Dagur 5

Þennan dag var ekið til Aberfeldy og tekin staðan á íþróttaviðburði. Þessi viðburður er háður víðs vegar um hálönd Skotlands á þessum árstíma og er gjarnan nefndur Hálendaleikar. Margt forvitnilegt var þar að sjá, dráttarvélar, dýr, dansa og drumbakast svo eitthvað sé nefnt. Þaðan var haldið í minnstu whisky verksmiðju heims, Edradour distillery, en sú heimsókn kom mönnum á bragðið.

Dagur 6

Síðari nóttin í Pitlochry að baki og stefnan tekin á norður-Skotland, yfir Vatnahéraðið, svokallað "Lake district". Í Sterling er að finna mikinn turn á miklum hól með mikið útsýni. Það er minnisvarði um þjóðhetjuna William Wallace, "The National Wallace monument". Ein frægasta orrusta Skota við Englendinga fór fram árið 1297 við brúna í Sterling þar sem Skotar murkuðu lífið úr Englendingum, einum af öðrum. Þaðan var haldið til "Gretna Green", því það er aldrei að vita nema einhver vilji gifta sig í snatri. "Gretna Green" brúðkaupssetrið er einn vinsælasti giftingastaður í heimi en hann er tilkominn vegna



Útsýni drottningarinnar. HGS



Slange! (isl. þýðing "skál"). HGS

gamalla hefða á árum áður. Englendingar höfðu sett mjög ströng lög varðandi giftingar á meðan lögin voru ekki eins ströng í Skotlandi. Ensk ástfangin þör skelltu sér þá í umvörpum yfir landamærin til að láta pússa sig saman.

Í lok þessa ferðadags var svo fundinn náttstaður í Ambleside þorpinu á hóteli, sem var smekktfullt af litlum appelsínugulum Ólympíu-öndum (Ólympíuleikarnir í London stóðu yfir).

Dagur 7

Grizedale þjóðgarðurinn er skógur í hjarta Vatnahéraðsins. Dave Lowe er framkvæmdastjóri og fór hann með hópinn vítt og breitt um skóginn. Grizedale þjóðgarðurinn er mest sóttur þjóðgarðurinn á Bretlandseyjum með um 16 milljón heimsóknir árlega. Að sögn Dave er mjög gott að hafa svona mikinn skóg í þjóðgarðinum því í honum er mun auðveldara að fela fjöldann. Landsvæðið er í meginatriðum dalur milli tveggja mishárra hæða. Í kringum 1930 fór ríkisskógræktin að kaupa upp jarðir og hefja kerfisbundna skógrækt í efri hluta hlíðanna. Gróðuráætlanirnar gengu út á ferkantaða reiti, sem í voru lerkir, fura eða greni, og ekkert hugsað um útlitið í landslaginu, dýralíf eða útsýni. Töluvert hefur verið unnið í því að mýkja línurnar í landslaginu síðan. Lerkir hefur til þessa verið gróðursett í frjósamt land og meðhöndlað á hefðbundinn hátt. Að undanfögnu hefur fundist þörungasveppur í lerkinu, *Phytophthora ramorum*, og því hefur ekki verið lagt upp með að gróðursetja lerkir um tíma, auk þess sem eftirspurn eftir lerkir er minni en af hinu hefðbundna timbri, þ.e. furu og greni.

Fjallareiðhjólmenningu hefur vaxið ásmegin í Skotlandi og hafa sjálfboðaliðar byggt upp hjólaslóða víða um Grizedale skóginn. Miklu aparólukerfi hefur

verið komið upp við þjónustumiðstöðina í dalnum, það mátti glöggst heyra á ópum gestanna að þetta væri þrælskemmtilegt. Samstarf þjóðgarðsins við aðra landeigendur, söluaðila, þjónustuaðila og aðra hagsmunaaðila er mjög gott og hefur það orðið til þess að allir þessir þættir styrkja hvor aðra, eins konar "allir vinna" samheldni. Hvert einasta tækifæri til markaðssetningar er notað til að kynna svæðið, svo sem Facebook, Twitter og sjónvarpsviðtöl.

Eftir fróðlega og skemmtilega ferð til Skotlands með skemmtilegu fólki, í góðri leiðsögn með öruggum bílstjóra, komum við á lokaáfangastað, Manchester. Þar var síðasti dagurinn og fólk gerði sér ýmislegt til dundurs. Stórkostleg ferð að baki.

Í ferðinni voru:

- Arnín Óladóttir, fararstjóri
- Angus Cameron McDougal, rúrustjóri
- Björn Ingi Þorgrímsson
- Jóhanna Kristín Jósefsdóttir
- Daníel Þórarinnsson
- Inga Norðdahl
- Guðrún Inga Bjarnadóttir
- Ásgeir Sveinsson
- Hörður Harðarson
- María Guðný Guðnadóttir
- Björn Marínó Pálmason
- Kristín Þorvaldsdóttir
- Heiðveig Agnes Helgadóttir
- Helgi Hjálmar Bragason
- Ingibjörg Hjaltadóttir
- Þorsteinn Pétursson
- Erna Jónsdóttir
- Þuríður Helgadóttir
- Grétar Guðmundsson
- Katrín Helga Andrésdóttir og
- Hlynur Gauti Sigurðsson, greinar- og myndahöfundur

Svipmyndir úr ferðinni



Hópurinn stæðir sig. HGS

The Present and Future Resource Situation in Larch (*Larix sukczewii*) and Lodgepole Pine (*Pinus contorta*) Stands in Eyjafjörður, Northern Iceland.

Benjamín Örn Davíðsson lauk meistaraþrófi í skógfræði frá Norska landbúnaðarháskólanum að Ási í Noregi á árinu. Lokaverkefni hans sem á íslensku heitir „Áætlun á núverandi og framtíðar viðarmagni lerkis (*Larix sukczewii*) og stafafuru (*Pinus contorta*) á hluta starfssvæðis Norðurlandsskóga í Eyjafirði“ vann hann í samstarfi við Norðurlandsskóga, Skógrækt ríkisins, Orkusjóð og Akureyrarbæ en markmið þess var að kanna núverandi og framtíðar viðarmagn rússalerkis og stafafuru á hluta af starfssvæði Norðurlandsskóga. Rannsóknin fór fram í Eyjafirði og Fnjóskadal. Samtals voru 199 mælifletir lagðir út á 38 skógræktarsvæðum. Heildarstærð skógræktarsvæðanna náði yfir 936,5 hektara og var stærsti hlutinn lerkigróðursetningar.

Meginmarkmið rannsóknarinnar voru þrjú. Það fyrsta var að reikna út standandi viðarmagn og lífmassa í lerkis- og furuskógum sem var plantað á tímabilinu 1983-2010. Annað var að leggja mat á framtíðar standandi viðarmagn og lífmassa sömu svæða. Það þriðja var að finna hvernig skógarauðlind þessa svæðis myndi þróast næstu 60 árin miðað við þrjár mismunandi meðferðir.

Núverandi skógarauðlind var reiknuð út frá mælingum á skógræktarsvæðunum og hermilíkön voru látin meta framtíðar skógarauðlind út frá mismunandi umhirðuaðgerðum á sömu svæðum. Hermilíkin voru gerð í forritinu IceForest sem er áætlanagerðarforrit fyrir skógrækt og Skógrækt ríkisins hefur nýlega fest kaup á.

Með fyrsta hermilíkaninu „venjuleg grisjun“ var reynt að líkja eftir grisjun eins og hún er framkvæmd í dag. Grisjað var þegar grunnflötur náði 8, 21, 25, 26 eða

27 m²/ha. Grisjunarstyrkur var 30 % af standandi rúmmáli. Fyrir hermilíkan tvö „mikil grisjun“ var grisjað þegar grunnflötur náði 8, 21, 25, 26 eða 27 m²/ha og grisjunarstyrkur var 50 % af standandi viðarrúmmáli. Markmiðið með þriðja hermilíkaninu „Fáar grisjanir við háan grunnflöt“ var að grisja sem minnst. Grunnflöturinn þurfti að ná 50 m²/ha og grisjunarstyrkurinn var 30 % af standandi viðarrúmmáli. Skipulagstímabilið var 60 ár, deilt niður í þrjú 20 ára tímabil fyrir öll þrjú hermilíkin.

Helstu niðurstöður verkefnisins voru að standandi rúmmál rannsóknarsvæðisins í dag er 8.161 m³. Áætluð framtíðar heildarframleiðsla svæðisins fyrir hermilíkan eitt er 578.480 m³ og grisjunarmagn er 220.258 m³. Áætluð heildarframleiðsla svæðisins fyrir hermilíkan tvö er 515.608 m³ og grisjunarmagn er 283.550 m³. Áætluð heildarframleiðsla svæðisins fyrir hermilíkan þrjú af nýtanlegum viði er 426.743 m³ og grisjunarmagn er 4.179 m³.

Verkefnið nýtist m.a til að styðja við þá útreikninga sem fara nú fram vegna Grímseyjarverkefnisins svokallaða. Þar eru kannaðir möguleikar á því að nota viðarkurl úr norðlenskum skógum til upphitunar í Grímsey. Með því mætti draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka að sama skapi notkun vistvæns, innlends orkugjafa. Miðað við þessar niðurstöður má reikna með að framtíðin sé björt fyrir skógarbændur og að öflugur skógariðnaður verði á starfssvæði Norðurlandsskóga áður en langt um líður. HGS



Frá Vatnsdalsgerði í Vopnafirði. HGS

Húsatjörn Lake - Lokaritgerð í landslagsarkitektúr

Á árinu lauk Hlynur G. Sigurðsson, starfsmaður HASK, við MS gráðu í landslagsarkitektúr frá Kaupmannahafnarháskóla, áður hafði hann lokið námi í borgarskógfræði (Urban forestry urban greening) (2007) frá Sænska landbúnaðarháskólanum og umhverfisskipulagi (2006) frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Lokaverkefnið í landslagsarkitektúr heitir „A landscape architectre proposal for a recreation forest in Eiðar, Iceland“ og er hönnun á útivistarskógi í kringum Húsatjörn á Eiðum. Árið 1927 var Húsatjörn að hluta til friðuð fyrir beit og birkið tók að vaxa. Það var svo árið 1939 að stór girðing náði utan um alla tjörnina og fyrstu innfluttu trjátegundirnar voru gróðursett. Það var lerkis sem var dreift í fjórum klösum í kringum tjörnina. Síðan þá hafa fleiri tegundir verið gróðursett, sem í dag eru orðnar að býsna stórum trjám.

Í verkefninu er fjallað um greiningar sem fóru fram á náttúru, sögu, menningu og eignarhaldi á svæðinu. Þá er útskýrt hvernig unnið er með greiningarnar og niðurstöðurnar notaðar sem grundvöllur í hönnuninni.

Niðurstaðan er í megindráttum göngustígakerfi og viðhaldstillögur að svæðinu. Leiðbeinendur Hlyns í verkefninu voru Richard Hare og Cecil C. Konijnenendijk, báðir frá Kaupmannahafnarháskóla og Sherry Curl, sem var honum til halds og trausts í gegnum allt ferlið hér heima á Íslandi. HGS

Upphafspéttleiki lerkis - Lokaritgerð í skógfræði

Á árinu lauk Þórveig Jóhannsdóttir Bs-gráðu frá Landbúnaðarháskóla Íslands. Lokaverkefni hennar fjallaði um áhrif upphafspéttleika lerkis á viðarvöxt og trjáægæði.

Í verkefninu voru skoðuð áhrif mismunandi upphafspéttleika (1000, 2000, 3500 og 5000 tré/ha) á ýmsa þætti sem varða afföll, vöxt, framleiðni, viðar- og trjáægæði Rússalerkis (*Larix sukczewii*, kvæmi Imatra) sem gróðursett var vorið 2002 á fjórum stöðum upp eftir Fljótshéraði (Litla-Steinsvaði í Hróarstungu, Hjartarstöðum í Eiðabínghá, Mjóanesi í Skógum og Sturluflöt í Fljótssdal). Þessi tilraun var hluti af stærra verkefni sem kallast LT verkefnið.

Helstu niðurstöður verkefnisins voru að upphafspéttleiki hafði marktæk áhrif á yfirhæðarvöxt, standandi viðarrúmmál, meðalvaxtarhraða skógar og beitarskemmdir. Ekki reyndist vera marktækur munur á milli upphafspéttleikaliða fyrir þvermálsvöxt á hvert tré, á viðarpéttleika trjáanna og bolgæða. Þar sem trén í tilrauninni eru einungis 9 ára gömul er ekki tímabært að segja til um hver áhrif mismunandi upphafspéttleika verði á framleiðni skógarins. Þessi rannsókn er fyrsta skrefið í slíku mati. Leiðbeinendur Þórveigar í verkefninu voru Bjarni D. Sigurðsson prófessor og brautarstjóri Skógræktarbrautarinnar í Landbúnaðarháskóla Íslands og Lárus Heiðarsson skógræktarráðunautur hjá Skógrækt ríkisins. HGS



Gylfi á Hofi snyrtir skóginn sinn. HGS



Guðmundur í Brekkuseli og Sævar starfsmaður HASK við úttekt. HGS



Bragi á Víðilæk á þarfasta þjóninum við skógræktina. HGS



Fallegir haustlitir á Borg. Mynd úr safni Þóru

Rekstrarreikningur

Reikningur 2012 Reikningur 2011 Fjárheimildir 2012

Tekjur

Sértekjur	4.187.654	1.686.732	0
Markaðar tekjur	0	0	0
Aðrar rekstrartekjur	0	0	0
Tekjur samtals	4.187.654	1.686.732	0

Gjöld

Almennur rekstur	126.210.411	130.111.796	117.500.000
101 Héraðs- og Austurlandsskógar	126.210.411	130.111.796	117.500.000
Gjöld samtals	126.210.411	130.111.796	117.500.000

Tekjur umfram gjöld

Framlag úr ríkissjóði	117.500.000	118.700.000	117.500.000
Hagnaður/tap ársins	-4.522.757	-9.725.064	0



Ekkjufell eftir starf skógarsnyrta. HGS

Efnahagsreikningur

	Reikningur 31.12.2012	Reikningur 31.12.2011
Eignir		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir	50.000	0
Langtímakröfur	0	0
Fastafjármunir samtals	50.000	0
Veltufjármunir		
Vörubirgðir	0	0
Inneign hjá ríkissjóði	400.378	0
Skammtímalán	0	0
Skammtímakröfur aðrar	1.901.030	10.622.369
Handbært fé	12.063.962	10.095.995
Veltufjármunir samtals	14.365.370	20.718.364
Eignir samtals	14.415.370	20.718.364
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé/ Höfuðstóll		
Staða í ársbyrjun	15.854.847	25.579.911
Breytingar v/lokafjárlaga	0	0
Hagnaður/tap ársins	-4.522.757	-9.725.064
Höfuðstóll í árslok	11.332.090	15.854.847
Annað eigið fé		
Bundið eigið fé	0	0
Framlag til eignamyndunar	1.882.814	1.882.814
Annað eigið fé samtals	1.882.814	1.882.814
Eigið fé í árslok	13.214.904	17.737.661
Langtímaskuldir		
Tekin löng lán	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á bankareikningum	0	0
Skuld við ríkissjóð	0	22.026
Skammtímalánatökur	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	1.200.466	2.958.677
Skammtímaskuldir samtals	1.200.466	2.980.703
Skuldir samtals	1.200.466	2.980.703
Skuldir og eigið fé samtals	14.415.370	20.718.364

Sjóðstreymi

	Reikningur 2012	Reikningur 2011
Hagnaður/tap ársins	-4.522.757	-9.725.064
Breyting rekstartengdra eigna og skulda		
Breyting skammtímakrafna og birgða	8.721.339	-543.425
Breyting skammtímaskulda	-1.758.211	1.713.407
Handbært fé frá rekstri	2.440.371	-8.555.082
Fjárfestingahreyfingar		
Veitt lán	0	0
Afborganir veittra lána	0	0
Endurmat veittra lána	0	0
Breyting á áhættufjármunum	-50.000	0
Fjárfestingahreyfingar samtals	-50.000	0
Fjármögnunarhreyfingar		
Framlag ríkissjóðs	-117.500.000	-118.700.000
Tekjur innheimtar af ríkissjóði	0	0
Greitt úr ríkissjóði	117.077.596	118.315.386
Markaðar tekjur, skil á innheimtu ríkissjóðs	0	0
Tekin lán	0	0
Afborganir tekinna lána	0	0
Endurmat tekinna lána	0	0
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-422.404	-384.614
Breyting á handbæru fé	1.967.967	-8.939.696
Handbært fé í ársbyrjun	10.095.995	19.035.691
Handbært fé, hreyfingar	1.967.967	-8.939.696
Handbært fé í árslok	12.063.962	10.095.995



Umhirðunámskeið 2012. HGS

Yfirlit framkvæmda

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Árteigur		9.320		1.776		4.512	648	16.256
Ás			3.216		3.484			6.700
Ásgarður								
Ásgeirsstaðir		5.616		8.030	5.306			18.952
Birnufell				1.670				1.670
Bláeyri (Hlíðargarður)	525	13.665				4.310	2.496	20.996
Borg	317		520	9.232				10.069
Bragðavellir I		2.000		1.701	536		192	4.429
Breiðavað								
Brekka					964			964
Brekkuborg		469		905	2.010		1.920	5.304
Brekkusel			6.440	15.232	30.964		5.616	58.252
Dratthalastraðir				3.953				3.953
Droplaugarstaðir				576	11.156			11.732
Eyjófsstaðir á Völlum								
Eyjófsstaðir				2.400	1.000			3.400
Eyjarland					670			670
Fannardalur	4.143	6.968			10.130		984	22.225
Fell	420	7.000			160		2.064	9.644
Flaga	245	1.408		3.426			480	5.559
Flúðir	350			1.088	2.010			3.448
Fremri-Nýpur	210		120	201				531
Geirófsstaðir	480	2.479		3.082	5.226		720	11.987
Grund	1.820	3.015		3.417	3.430		1.992	13.674
Hagi	48			2.298	8.066			10.412
Hamragerði			1.000					1.000
Hauksstaðir				3.490	1.072		2.592	7.154
Heykollsstaðir		2.010	2.000	7.010	80			11.100
Hjarðarhagi	6.335	1.139	3.600	9.140	24.708		1.104	46.026
Hlíðarendi I	70		2.000	3.015	4.288			9.373
Hnitbjörg		7.760						7.760
Hof II								
Hrafnsgerði								
Hreimsstaðir	490	3.496	2.640	2.592	1.286	144	144	10.792
Hrófsstaðir	3.500			2.010	7.222		2.496	15.228
Hræreklækur		2.010		3.512	80		1.536	7.138
Hvammur			3.000	8.320	5.570			16.890
Höskuldsstaðir								

Ábornar plöntur	Lengd nýrra skjólbelta km	Skjólbelta-plöntur	Ný- girðingar	Jarðvinnsla ha.	*Bilun ha.	Grisjun m3 af bolviði
21.456		5.160				
6.700					18,4	
					6,0	
37.416						
1.670					13,0	
31.639	3	6.184				
10.069				2,2		
4.429						
				1,6		
964						
2.880						
92.256						
3.953						
11.040					2,4	
					19,9	
3.400						
670						
10.075			2,0			
9.644						
5.559						
3.448						
531						
11.267				8,2		
23.554						
10.412						
7.154						
6.735						
46.026						
7.303						
7.760						
10.792						
					1,7	
					0,8	
26.732						
27.553						
16.890						
8.544				10,9	4,3	
			1,7			

* Framvegis verða birtar ha. tölur í bilun, var áður kjarrsögun

Yfirlit framkvæmda - framhald

Jörð	Annað	Birki	Fura	Greni	Lerki	Víðir	Ösp	Samtals
Kross								
Langhús				7.800			744	8.544
Lindarhóll					1.340			1.340
Litla-Steinsvað II			1.000	3.328	5.038			9.366
Melar								
Meðalnes II				3.410	27.075			30.485
Miðhús			240	400	348			988
Miðhúsasel				335	6.700			7.035
Mjóanes B				1.600	4.958			6.558
Mjóanes H	48		1.000	1.000				2.048
Mjóanes R				4.582	8.200			12.782
Mjóanes S	1.015			840	5.172			7.027
Mýrar		288	400	1.126			312	2.126
Óseyri	3.098	17.037	3.800	3.608	6.184		2.904	36.631
Rauðholt			3.400	3.696	8.088			15.184
Sauðhagi II	3.010		4.000	2.952	5.226		2.160	17.348
Selland		1.008		1.040	4.180			6.228
Setberg				3.400	3.953			7.353
Skálanes	2.382	7.236	1.000	4.018	120	1.008		15.764
Skáli		3.484		120	80		480	4.164
Skriða	1.015			2.285				3.300
Stangarás			200	720			720	1.640
Stóra-Steinsvað	140				1.675		3.264	5.079
Strönd								
Stöð	2.415	4.980	2.400	240				10.035
Sörlastaðir			200					200
Teigarhorn	2.450	17.256						19.706
Uppsali								
Valbjófsstaður I		240	200	240			240	920
Vatnsdalsgerði								
Víðastaðir	48	240	3.520	5.015	4.080		1.992	14.895
Víðilækur	490	200	480	3.565	7.115		1.344	13.194
Víðivallagerði					4.958			4.958
Víðivellir fremri								
Víðivellir-ytri I		1.536		4.512			1.776	7.824
Víðivellir-ytri II								
Ytri-Nýpur	70			1.938	1.965			3.973
Þiljuvellir			1.600					1.600
Samtals	35.134	121.860	47.976	159.846	235.873	9.974	40.920	651.583

Ábornar plöntur	Lengd nýrra skjólbelta km	Skjólbelta-plöntur	Ný-girðingar	Jarðvinnsla ha.	*Bilun ha.	Grisjun m3 af bolviði
					0,8	
1.340				3,9		
12.480				8,5		
35.781						
					8,2	
720						
6.558						
2.048						
12.782				5,4	2,3	
7.027				3,9		
2.126						
2.800						
47.263						
15.184						
17.348				3,3		
6.228				10,7		
3.400						
14.468					5,3	
4.164						
335			2,3			
194						
1.440						
10.035			3,3			
					13,1	
200						
19.706						
920						
					1,0	
29.375						
			4,2	7,5		
15.114				5,4		
4.958						
7.824			1,0		1,6	
					16,0	
7.000						
					0,8	
4.453						
1.600						
763.392	3,0	11.344	14,5	71,5	115,5	

* Framvegis verða birtar ha. tölur í bilun, var áður kjarrsögun

Lykiltölur

Ýmsar lykiltölur	2006	2007	2008	2009	2010	2011	2012
1 Fjöldi samningsbundinna skógræktarjarða	140	148	151	153	155	132	132
2 Flatarmál í hekturum	15.027	16.169	16.495	16.761	17.776,5	15.207	14.744
3 Fjöldi jarða þar sem er gróðursett	73	66	63	67	69	53	63
4 Fjöldi jarða með framkvæmdir	98	94	96	96	86	83	86
5 Lengd ræktaðra skjólbelta í km	9.6	11.7	18.1	3.6	3	10.8	11.3
6 Heildarfjöldi gróðursettra plantna	1.408.830	1.478.211	1.480.927	1.389.740	982.396	881.018	651.583
7 Grisjaðir/bilaðir hektarar	27.17	14.19	47.3	17.35	10.9	57.2	115.5
8 Ársverk	5.4	5.7	4.9	4.7	4.3	4.2	3.7

Lykiltölur úr ársreikningi	2006	2007	2008			
9 Heildarfjárveiting + sértekjur	153.254.790	155.504.196	161.145.300			
10 Heildargjöld	135.604.995	173.137.694	174.991.190			
11 Laun og launatengd gjöld	28.900.226	21,3%	35.529.776	20,5%	31.263.229	17,9%
12 Starfstengdur kostnaður	6.949.641	5,1%	5.211.402	3,0%	5.430.500	3,1%
13 Aðkeypt þjónusta og húsn.kostn.	8.575.232	6,3%	12.230.944	7,1%	13.380.174	7,6%
14 Framlög til skógarbænda	81.215.287	59,9%	102.897.560	59,4%	122.949.698	70,3%
15 Annar rekstarkostnaður	6.613.075	4,9%	12.751.084	7,4%	1.907.205	1,1%
16 Eignakaup	3.351.534	2,5%	4.516.928	2,6%	60.384	0,0%
17 Ýmsar sértekjur	6.254.790	4.304.196	5.345.300			
18 Hagnaður/Tap	17.649.795	-17.633.498	-13.845.890			

2009	2010	2011	2012				
151.673.225	129.356.320	120.386.732	121.687.654				
150.071.960	130.601.624	130.111.796	126.210.411				
29.570.352	19,7%	28.740.472	22,0%	29.230.062	22,5%	27.369.223	21,7%
4.017.930	2,7%	4.266.132	3,3%	3.296.137	2,5%	3.003.465	2,4%
10.108.689	6,7%	10.727.911	8,2%	8.904.897	6,8%	7.557.281	6,0%
104.555.687	69,7%	82.773.641	63,4%	86.084.915	66,2%	79.593.158	63,1%
1.323.575	0,9%	3.138.528	2,4%	2.411.480	1,9%	3.762.347	3,0%
495.727	0,3%	954.940	0,7%	184.305	0,1%	4.924.937	3,9%
16.473.225	1.056.320	1.686.732	4.187.654				
1.601.265	-1.245.304	-9.764.833	-4.522.757				

Skýringar

- Fjöldi jarða með þinglýsta skógræktarsamninga í lok hvers árs (ástæða fækkunar á milli ára er að við endurnýjun útrunninna samninga sáú sér ekki allir hag í að endurnýja)
- Heildarflatarmál skógræktarsvæða með þinglýsta samninga í lok hvers árs
- Fjöldi jarða þar sem er gróðursett ár hvert
- Heildarfjöldi jarða með framkvæmdir
- Lengd nýrra skjólbelta ár hvert
- Heildarfjöldi allra gróðursettra plantna í skógrækt og skjólbeltarækt ár hvert
- Grisjaðir og bilaðir (grisjun í ungskógi) hektarar
- Ársverk starfsmanna Héraðs- og Austurlandsskóga, fastráðinna og sumarstarfsmanna
- Heildarfjárveiting ásamt sértekjum Héraðs- og Austurlandsskóga
- Heildargjöld
- Heildarlaun starfsmanna og stjórnar Héraðs- og Austurlandsskóga
- Aksturskostnaður, dagpeningar, ferðakostnaður, fundir, risna
- Sími, tölvupj., prentun, bókhald, húsn.kostn.
- Framlög til bænda, plöntur, áburður, ofl.
- Ýmis annar kostnaður
- Jarðvinnslutæki, gróðursetningaáhöld, tölvubúnaður ofl.
- Ýmsar sértekjur og hlutfall þeirra af heildartekjum
- Afgangur - tap



Snjóbrot á Arnheiðarstöðum 2013. HGS

Veður 2012

Árið 2012 hófst með óvenjulegum hlýindum og var hitastig fyrir ofan meðaltal fyrstu þrjú mánuðina. Hitinn mældist 14,8° á Teigarhorni í febrúar og 18,2° í mars á Skjaldbingsstöðum í Vopnafirði. Verðurmynstrið snérist svo í ákveðna norðanátt í apríl og voru sumarmánuðirnir fremur svalir. Júní var sérstaklega kaldur, júlí í meðallagi og ágúst aðeins fyrir ofan meðallag á Austurlandi. Hausti- og vetrarhiti var svo að mestu um meðallag en október nokkuð kaldur. Hins vegar ber að hafa í huga að það er oftast ekki meðaltalið sem veldur skaða heldur einstakir atburðir, t.d. næturfrost á Fljótsdalshéraði í júní.

Það sem veður eflaust minnistæðara er úrkoman. Úrkoma fyrsta hluta árs var eðlileg en í maí snjóaði mikið. Samkvæmt mælingum frá Veðurstofu Íslands er ekki vitað um jafn mikinn snjó í maí í Neskaupstað. Því miður var sumarið óeðlilega þurr og var úrkoman frá maí út ágúst um 55% fyrir neðan meðallag. Nauðsynlegt var að fresta gróðursetningu síðustu vorplantna fram að hausti.

Haustið kom svo frekar snögglega með norðanáhlaupinu fræga í september. Hætt var við jarðvinnslu um miðjan október vegna frosts í jörðu og mikið kapp var lagt á að koma síðustu plöntunum í jörð. Eftir stutta og risjótt haustið gekk vetur í garð fyrir fullt og allt með stórhrið í byrjun nóvember. Þótt hiti væri fyrir ofan frostmark einn og einn dag með smá rigningu tók snjóinn aldrei upp og myndaðist harðfenni sem þakti allt framyfir áramót, en ekki þó á suðurfjörðum. SC

(Upplýsingar teknar af vefsíðu Veðurstofu Íslands; www.vedur.is)



Þóra Sólveig á Borg við plöntuflutninga. Mynd úr safni Þóru.



Efni skýrslunnar er unnið af starfsfólki HASK. Myndir eru einnig teknar af starfsfólki HASK nema annað sé tekið fram.

Ábyrgðarmaður: Ólöf Inga Sigurbjartsdóttir
Uppsetning: Hrafnhildur L. Hafsteinsdóttir



HÉRAÐS- OG AUSTURLANDSSKÓGAR

Ársskýrsla 2012